

BORGARSTJÓRN 19. júní 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um afnám þóknunar fyrir nefndarsetu starfsmanna borgarinnar fyrir fundi á vinnutíma - R18060136

Lagt er til að kjörnir fulltrúar og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar fái ekki greitt fyrir stjórnar- og nefndarsetu á vegum borgarinnar og stofnunum og fyrirtækjum á hennar vegum ef fundir og undirbúningur undir þá fer fram á vinnutíma aðalstarfs viðkomandi starfsfólks.

Greinargerð

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa þegið þóknanir fyrir stjórnar- og nefndarsetu í fyrirtækjum og stofnunum Reykjavíkurborgar og fyrirtækjum og stofnunum sem Reykjavíkurborg er aðili að þótt fundir fari fram í vinnutíma aðalstarfs viðkomandi. Þessir starfsmenn hafa því í raun verið tvíborgaðir á meðan á fundum og undirbúningi fyrir þá stendur. Þetta er óþörf sóun á almannafé og ýtir undir sjálftöku stjórnenda hjá hinu opinbera, sem orðið er vaxandi vandamál í samfélaginu, veldur úlfúð á vinnumarkaði og dregur úr trausti almennings á stofnunum samfélagsins og lýðræðisvettvangi ríkis og sveitarfélaga.